

Þeir sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur flutningabifreiða halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

Þeir sem stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér flutningaleyfis á árinu 1995.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

**um breyting á lögum um eftirlit með skipum,
nr. 35/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og hæfæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.